

## AUGLÝSING

### um breytingu á reglum Reykjavíkurborgar, nr. 345/2019, um notendastýrða persónulega aðstoð.

#### 1. gr.

3. mgr. 1. gr. reglnanna orðast svo:

Innleiðing notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar skal eiga sér stað á tímabilinu 2019 til 2024. Fjöldi samninga sem gerðir verða á innleiðingartímabilinu miðast við það fjárframlag sem ríkissjóður hefur ákveðið að ráðstafa í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem hlutfall af fjárhæð samninga sem sveitarfélögin gera, sbr. bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Í ljósi þess verða þeir í forgangi fyrir þjónustuna sem hafa einstaklingsbundnar þarfir sem ekki hefur verið hægt að koma til móts við á annan hátt og fyrir liggur faglegt mat á því að notendastýrð persónuleg aðstoð sé hentugt form til að mæta þjónustuþörfum þeirra.

#### 2. gr.

27. gr. reglnanna orðast svo:

Reglur þessar eru settar með stoð í 11. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar um notendastýrða persónulega aðstoð, nr. 1250/2018, og kveða þær á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita. Reglur þessar öðluðust gildi þann 1. maí 2019 og er gildistími reglna þessara framlengdur til 31. desember 2024.

#### 3. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs 7. júní 2023, og á fundi borgarráðs 15. júní 2023, eru byggðar á 11. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og taka gildi við birtingu.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 19. júní 2023.*

**Dagur B. Eggertsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 23. júní 2023